



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþings
Skrifstofa Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Stykkishólmi, 8. apríl 2020
nr. erindis 2003014

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar hagkvæmnisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarvegur, 262. mál.

Á 385. fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar 26. mars 2020 var tekið fyrir erindi frá Sigrúnu Helgu Sigurjónsdóttur, fyrir hönd umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, þar sem nefndin óskaði eftir umsögn Stykkishólmsbæjar um tillögu til þingsályktunar hagkvæmnisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarvegur, 262. mál. Á framangreindum fundi tók bæjarstjórn undir fyrirbyggjandi umsögn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) og fól bæjarstjóra að koma á framfæri ítarlegri umsögn fyrir hönd Stykkishólmsbæjar til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.

Stykkishólmsbær leggur nú sem fyrr ríka áherslu á mikilvægi þess að hefja uppbyggingu og framkvæmdir við Skógarstrandarveg sem allra fyrst. Fyrir umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis liggur fyrir greinargóð umsögn frá SSV sem endurspeglar áherslur sveitarfélaga á Vesturlandi í þessum efnunum þar sem farið er yfir mikilvægi vegarins og þau jákvæðu áhrif sem uppbygging hans koma til með að hafa í för með sér hvað varðar atvinnulíf og samstarfsmöguleika á svæðinu. Til viðbótar við umsögn SSV vill Stykkishólmsbær benda umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis á ítarlega umsögn bæjarstjóra Stykkishólmsbæjar um tillögur til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024 og fyrir árin 2020-2034 og er sú umsögn ítrekuð hér með og fylgir hún umsögn þessari.

Að lokum er vert að taka skýrt fram að þó Stykkishólmsbær styðji framgang þessa máls og telji að hagkvæmnisathugun vegarins sé jákvæð viðbót við fyrirbyggjandi gögn og myndi undirstrika enn og aftur mikilvægi vegarins, þá er það fortakslaust skilyrði fyrir stuðningi Stykkishólmsbæjar við málið að **slík athugun seinki ekki uppbyggingu vegarins og/eða tefji framkvæmdir eða undirbúning þeirra á nokkurn hátt**, enda er það afar mikilvægt, bæði fyrir hag svæðisins sem og allra landsmanna, að endurbygging, lagfæring og lagning bundins slitlags á Skógarstrandarveg verði lokið sem allra fyrst eins og Stykkishólmsbær og önnur sveitarfélög á Vesturlandi hafa lagt þunga áherslu á.

Undirritaður er reiðubúinn að koma á fund umhverfis- og samgöngunefndar til að fylgja eftir umsögn Stykkishólmsbæjar og svara þeim spurningum sem kunna að vakna.

Þetta tilkynnist hér með.


Virðingarfyllst,

Jakob Björgvin Jakobsson,
bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar.